


Landsvirkjun



landsvirkjun@lv.is  
Sími/Tel: +354 515 90 00  
Fax: +354 515 90 07

Umhverfis- og auðlindaráðherra  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. september 2013  
Tilvísun vor: 07.01

Efni: Tillaga Landsvirkjunar að breytingu á friðlýsingarskilmálum fyrir Þjórsárver

Með erindi dagsettu þann 20. júní 2013 óskaði Landsvirkjun eftir því við umhverfis- og auðlindaráðherra að fyrirhuguð undirritun friðlýsingarskilmála vegna Þjórsárvera yrði frestað þar sem málsmeðferð við afgreiðslu þeirra hefði ekki verið lögum samkvæmt. Umhverfis- og auðlindaráðherra varð við þeirri beiðni og þakkar Landsvirkjun ráðherra fyrir þann skilning sem hann sýndi málinu. Í framhaldinu hafa átt sér stað fundir og viðræður á milli Landsvirkjunar og ráðuneytisins vegna málsins.

Eins og fram hefur komið hefur Landsvirkjun gert athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu í þeirri mynd sem Umhverfisstofnun hefur lagt til.

Með erindi dagsettu þann 5. júlí gerði Umhverfisstofnun athugasemdir við athugasemdir Landsvirkjunar við fyrirhugaða friðlýsingu. Taldi Umhverfisstofnun að málsmeðferðin hafi verið lögum samkvæmt. Það á hinsvegar ekki við rök að styðjast og vísast í því sambandi til bréfs Landsvirkjunar, dagsett þann 10. september 2013, þar sem athugasemdum Umhverfisstofnunar er svarað.

Sú útfærsla á Norðlingaölduveitu með lónhæð í 566,0 - 567,5 metra yfir sjávarmáli, sem Landsvirkjun lagði fram fyrir 2. áfanga rammaáætlunar, var að mati faghóps eitt talin skerða ósnert víðerni vestan Þjórsár, svokallað Eyvafen, en faghópurinn færði jafnframt rök fyrir því að Eyvafen væri vistfræðilega hluti Þjórsárvera. Þó svo að útfærsla Norðlingaölduveitu í rammaáætlun nái ekki inní Eyvafen þá er vetrarrekstrarhæð veitulóns í 567,5 metrar yfir sjávarmáli í jaðri Eyvafens. Þessi útfærsla lenti í verndarflokki, en rétt er að benda á að almennt kom hún vel út í samanburði við aðra vatnsaflskosti og sem dæmi má nefna fékk hún svipaða áhrifseinkunn hjá faghópum 1 og 2 og Hvalá í Ófeigsfirði, en sá virkjunarkostur lenti í nýtingarflokki.

Í ljósi þess að útfærslan lenti í verndarflokki vegna nálægðar við Eyvafen er það mat Landsvirkjunar að eðlilegt sé að Eyvafen verði innan stækkaðs friðlands í Þjórsárverum, en að sama skapi ætti að haga friðlandsmörkum þannig að Landsvirkjun sé gefið tækifæri á að koma með nýja útfærslu á veitulóni Norðlingaölduveitu þar sem tryggt er að Eyvafen verði ekki fyrir áhrifum. Allar nýjar útfærslur yrðu lagðar fram í lögbundin ferli svo sem rammaáætlun og mat á umhverfisáhrifum. Nýjar útfærslur gætu til dæmis falið í sér breytta rekstrarhæð veitulóns eða að stíflustæði veitulóns yrði fært neðar í farvegi Þjórsár. Landsvirkjun telur að hagkvæmasti kosturinn og sá með minnstu umhverfisáhrifin yrði útfærsla með sama stíflustæði en með minna veitulóni með lægri rekstrarhæð.



Með vísan til niðurstöðu fundar forráðamanna Landsvirkjunar með ráðuneytisstjóra og starfsmönnum umhverfis- og auðlindaráðuneytis 9. júlí síðastliðinn hefur Landsvirkjun nú gert drög að breytingum á friðlandsmörkum og friðlýsingarskilmálum stækkaðs friðlands í Þjórsárverum annarsvegar vegna Norðlingaölduveitu og hinsvegar vegna Kvíslaveitu. Markmiðið með breytingartillögum Landsvirkjunar eru að gera lágmarksbreytingar á friðlandsmörkum eða friðlýsingarskilmálum þannig að tryggt er að Eyvafen sé innan stækkaðs friðlands og að sú útfærsla Norðlingaölduveitu með lónhæð í 566,0-567,5 metrum yfir sjávarmáli sem tekin var fyrir í 2. áfanga rammaáætlunar sé útilokuð. Tillögur Landsvirkjunar að breytingum á friðlandsmörkum Þjórsárvera vegna Norðlingaölduveitu eru svohljóðandi:

**1. Óbreytt friðlandsmörk – fyrirvarar í friðlýsingarskilmálum um Norðlingaölduveitu.**

Ein af tillögum Landsvirkjunar um breytingar er að mörk haldist óbreytt en að friðlýsingarskilmálar breytist og sett verði inn skilyrði um að Landsvirkjun sé heimilaður rekstur á veitulóni Norðlingaölduveitu innan friðlandsmarka í farvegi Þjórsár í allt að hæð 566 m y. s. Þessa breytingu mætti til dæmis gera með því að setja inn svohljóðandi texta í 10. gr. friðlýsingarskilmála (svipað ákvæði er í núgildandi friðlýsingarskilmálum, Stjórnartíðindi B nr. 507/1987):

*„Landsvirkjun getur sótt um undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera veitulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 566 m y. s., enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Umhverfisstofnunar] og að viðkomandi virkjunarkostur hafi fengið umfjöllun í [Rammaáætlun] og sé þar í nýtingarflokki.“*

**2. Friðlandsmörk afmarkist af hæð 566 metra yfir sjávarmáli með 20 m fjarlægðarmörkum vegna umráðasvæðis og engir fyrirvarar í friðlýsingarskilmálum vegna Norðlingaölduveitu.**


Önnur tillaga Landsvirkjunar er sú að gerð verði sú breyting á friðlýsingarmörkum að hæð þeirra í farvegi Þjórsár og Svartár afmarkist af 566 m y. s. með 20 metra fjarlægðarmörkum vegna umráðasvæðis. Sjá nánari útlistun á meðfylgjandi **mynd 1** hér að aftan.

**3. Friðlandsmörk liggja yfir farveg Þjórsár um 2800 m ofan ármóta Svartár og Þjórsár og fyrirvarar í friðlýsingarskilmálum um Norðlingaölduveitu.**

Þriðja tillaga Landsvirkjunar er sú að gerð verði sú breyting á friðlýsingarmörkum að þau liggja yfir farveg Þjórsár um 2800 metra ofan ármóta Svartár og Þjórsár, en þó með samskonar heimild fyrir Landsvirkjun um rekstur veitulóns innan friðlandsmarka í allt að 566 m y. s. og í tillögu 1. Sjá nánari útlistun á meðfylgjandi **mynd 2** hér að aftan.

Landsvirkjun leggur jafnframt fram eftirfarandi tillögur að breytingu á friðlýsingarmörkum og friðlýsingarskilmálum vegna núverandi Þjórsárlóns, nyrst í Kvíslaveitu:

Varðandi legu friðlandsmarka við Þjórsárlón efst í Kvíslaveitum óskar Landsvirkjun eftir að eftirfarandi hugmyndir að breytingum á tillögum friðlandsmarka og/eða friðlýsingarskilmálum, verði skoðaðir:



### 1. Óbreytt mörk – breyting á friðlýsingarskilmálum:

Landsvirkjun gerir tillögu um að mörk haldist óbreytt en að friðlýsingarskilmálar breytist og sett verði inn skilyrði um að Landsvirkjun sé heimilað að geta rekið veitulón Kvíslaveitu, Þjórsárlón og viðhaldið mannvirkjum því tengdu, innan friðlandsmarka. Þetta mætti gera til dæmis með svohljóðandi breytingu á 10. gr. friðlýsingarskilmála:

*„Landsvirkjun er heimilt að halda við virkjanamannvirkjum, reka veitulón Kvíslaveitu, Þjórsárlón, þar tilheyrandi að veita vatni í farveg Þjórsár neðan Þjórsárstíflu.“*

### 2. Friðlandsmörk liggja vestan veitumannvirkja og veitulóns.

Landsvirkjun gerir jafnfram tillögu um breytingu á friðlýsingarmörkum og skilmálum í þá veru að friðlandsmörk liggja vestan veitumannvirkja og veitulóns. Sjá nánari útlistun á meðfylgjandi mynd 3 hér að aftan.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið óskar Landsvirkjun hér með eftir því að þér takið til skoðunar tillögur Landsvirkjunar um breytingar á tillögum á mörkum friðlands og friðlýsingarskilmálum. Undirritaður ítrekar að markmiðið með tillögum Landsvirkjunar er að gera lágmarksbreytingar á friðlandsmörkum og friðlýsingarskilmálum þannig að tryggt sé að Þjórsárver séu vernduð og að Eyvafen sé innan stækkaðs friðlands.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri